



Bréf sent prestum, djáknum, organistum,
sóknarnefndum og útfararstjórum

Reykjavík 23. apríl 2021

Ágæta samverkafólk.

Heilbrigðisráðherra hefur gert breytingar á reglugerð um takmörkun á samkomum vegna farsóttar, sem gildir til 6. maí, þar sem svigrúm hins kirkjulega starfs er blessunarlega aukið. Á sama tíma og ég fagna þessu svigrúmi brýni ég okkur öll til að gæta að hinum persónulegu sóttvörnum og fara í einu og öllu eftir fyrirmælum yfirvalda í þessum efnum, eins og þið hafið gert hingað til.

Breytingarnar í heild má sjá hér:

https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=178e1eda-5f7c-4460-9b2b-5ea48db0e8cd&fbclid=IwAR3rxeVu4FOSC5P2q1MAUaK3RvTsh5Fz71_XtvRbEWetvoV3P2X8NOUWrOU

Þrátt fyrir að almenna reglan um samkomutakmarkanir sé 20 manns, þá er að **allt að 100 gestum** heimilt að vera viðstaddir athafnir trú- og lífsskoðunarfélaga og sviðslistar-, menningar- og íþróttaviðburði, ráðstefnur, fyrirlestra eða sambærilega viðburði, að uppfylltum öllum eftirfarandi skilyrðum:

1. Allir gestir séu **sitjandi** og ekki andspænis hver öðrum.
2. Allir gestir séu **skráðir**, a.m.k. nafn, kennitala og símanúmer. Skráin skal varðveitt í tvær vikur og eytt að þeim tíma liðnum.
3. Allir gestir noti **andlitsgrímu** nema þegar neytt er drykkjar- eða neysluvöru.
4. Tryggt sé að fjarlægð milli ótengdra gesta sé a.m.k. **1 metri**.
5. *Áfengisveitingar séu ekki heimil.*
6. Skipuleggjendum viðburða er skylt að tryggja þegar gestir eru ekki í sætum, svo sem fyrir og eftir viðburð og í hléi, að ekki komi fleiri saman en 20 manns og virt sé 2 metra nálægðartakmörkun milli ótengdra aðila.
7. Þrátt fyrir að heimilt sé að hafa hlé á viðburðum skal biðja gesti um að halda kyrru fyrir í sætum sínum.
8. *Sala eða boð um veitingar er ekki heimil í hléi.*

Leturbreytingar eru mínar, þar sem sumt af skilyrðunum á meira við hjá okkur, en annað.

Varðandi forgangsroðun bólusetninga þá setur heilbrigðisráðherra um hana reglugerð í samræmi við tillögur sóttvarnarlæknis. Reglugerðina má nálgast hér:

<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/efir-raduneytum/heilbrigdisraduneyti/nr/22219>

Varðandi félagsstarf aldraðra þá svaraði ráðuneytið fyrirspurn Biskupsstofu með eftirfarandi hætti:

Ráðuneytið hefur mótttekið neðangreint erindi frá 13. apríl 2021.

Í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 404/2021, um takmörkun á samkomum vegna farsóttar, kemur fram að í takmörkun á samkomum felst að fjöldasamkomur eru óheimilar á gildistíma þessarar reglugerðar. Með fjöldasamkomum er átt við það þegar fleiri en 20 einstaklingar koma saman, hvort sem er í opinberum rýmum eða einkarýmum.

Í 1. mgr. 4. gr. er kveðið á um að á samkomum, öllum vinnustöðum og í allri annarri starfsemi, meðal annars þeirri sem talin er upp í 3. gr., skal tryggja að hægt sé að hafa a.m.k. 2 metra á milli einstaklinga sem ekki eru í nánnum tengslum.

Með vísan til þess sem að framan er rakið er félagsstarf aldraðra í kirkjum heimilt að uppfylltum þeim skilyrðum sem kveðið er á um í 1. mgr. 3. gr. og 1. gr. 4. gr.

Ráðuneytið áréttar að ekki er kveðið á um bann við félagsstarfi líkt og hér um ræðir í reglugerðinni og gerist því ekki þörf að veita undanþágu fyrir félagsstarf aldraðra.

Ég ítreka fyrri brýningu til okkar allra varðandi hinar persónulegu sóttvarnir og vil í því sambandi nefna eftirfarandi atriði:

- Sprittbrúsar skulu vera aðgengilegir við inn- og útganga, sem og á salernisaðstöðu.
- Við komu til kirkju svo og við brottför úr kirkju skulu kirkjuverðir og annað starfsfólk tryggja eftir fremsta megni að hópamyndanir verði ekki í anddyri eða fyrir utan kirkjuna.
- Handabönd eða annars konar líkamleg snerting skal ekki viðhöfð.
- Alltaf skal lofta vel út og sótthreinsa alla sameiginlega snertifleti milli athafna.
- Allt starfsfólki er hvatt til að fara ekki til vinnu komi upp einkenni veikinda.
- Allt starfsfólk með undirliggjandi sjúkdóma hugi að sér og haldi sig heima.

Ég vil svo enn á ný hvetja ykkur til dáða á þessum skrytnu tímum. Í þeirri baráttu stöndum við ekki ein og yfirgefin.

„Hví ert þú buguð, sál mín,
og ólgar í mér?

Vona á Guð

því að enn mun ég fá að lofa hann,
hjálpræði auglitis míns og Guð minn.“ (Sl. 43:5)

Guð gefi ykkur styrk og æðruleysi og blessi ykkur í lífi og þjónustu,



Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands.